

Hönnun og smíði val 2021

Kennarar: Þuríður Helga Jónasdóttir

Lýsing

Nemendum er kennt að umgangast og nota ýmsar vélar til smíðavinnu. Verkefni lögð fyrir þannig að nemendur fái þjálfun á vélarnar. Skylduverkefni sem miðar að þjálfun í notkun á helstu smíðatækjum sem eru í kennslustofunni.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Nemendur vinna í smíðastofu, einstaklingslega undir stjórn kennara. Kennari fer yfir umgengni tækja og öryggisatriði og nemendur fá svo að vinna í þeim þegar kennari telur þau vera orðin fær um það.

Námsmat

Verkefni og vinna metin.

VS hönnun og smíði val

- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Beitir viðeigandi vinnustellingum og notar réttan hlífðarbúnað.
- Veit afhverju reglur um vinnuvernd eru settar.
- Getur sagt frá mikilvæti verkþekkingar.

VS hönnun og smíði val - Handverk

- Velur og notar á réttan hátt efni, verkfæri og mælitæki sem henta verkefninu.
- Sýnir ábyrja notkun verkfæra.

VS hönnun og smíði val - Hönnun og tækni

- Útskýrt hugmyndir sínar með málsettum fríhendis- og með grunnteikningu.
- Hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu.
- Búið til verkáætlun og farið eftir henni.
- Sagt frá hvernig tækni er nýtt í atvinnulífinu.
- Framkvæmt flóknari samsetningar, s.s. samlímingu, töppun og skrúfun.
- Gert grein fyrir áhrifum nýsköpunar á umhverfi sitt og samfélag.

VS hönnun og smíði val - Umhverfi

- Greinir vistvæn efni frá óvistvænum.
- Sýnir góða nýtingu þeirra efna sem unnið er með.
- Sýnir vinnusemi og sjálfstæð vinnubrögð.

- **Kennslufyrirkomulag**

Flest verkefni eru einstaklingsmiðuð og hver og einn vinnur að sínu verkefni.